




Reykjavík, 5. september 2024

Stekkjarsel 9 – USK24080186 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Jóns Hlyns Clausen Gunnlaugssonar, dags. 19. ágúst 2024, um að bæta óræktarflöt úr borgarlandi við lóðina nr. 9 við Stekkjarsel eða að gera fóstursamning um svæðið.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulag



Loftmynd með afmörkuðu svæði

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Stekkjarsel 9 íbúðarbyggð.

Deiliskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Seljahverfi sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. maí 2022, með síðari breytingu frá 26. október 2022. Stekkjarsel 9 er innan skilmálaeiningar 6.2.2 í hverfisskipulagi ásamt opnasvæðinu til austurs.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til stækkunar lóðarinnar Stekkjarsel 9 til suðausturs þar sem nú er opið svæði skilgreiningu gildandi aðalskipulags og hverfisskipulags. Íbúðabyggðin við Stekkjarsel tilheyrir skilmálaeiningu 6.2.2 í hverfisskipulagi. Umrætt opið svæði er í sömu skilmálaeiningu. Í hverfisskipulagi er engin umfjöllun um heimildir til lóðabreytinga, hvorki í greinargerð skipulagsins né skilmálum.

Með Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og með uppfærðri útgáfu aðalskipulags til 2040 er skýrar en áður kveðið á um mikilvægi opinna svæða innan borgarmarkanna sem hafa útivistargildi og náttúru með verndargildi. Í umfjöllun um *Heilsuborgina* og *Grænu borgina* í kafla II í greinargerð aðalskipulagsins, er m.a. kveðið á um þessi atriði og mikilvægi þess að tryggja aðgengi að grænum og náttúrulegum svæðum.

Við endurskoðun aðalskipulagsins var einnig hugað að samþættingu skipulagsins við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, m.a. hvernig tryggð væru aðgengileg opin svæði og styrking náttúru, landslags og útivistarsvæða (sjá m.a. umhverfisskýrslu í B-hluta aðalskipulags).

Undanfarin ár hefur því orðið stefnu- og áherslubreyting sem þýðir að almennt er ekki fallist á lóðastækkunir á kostnað opinna svæða og útivistarsvæða í borginni og þar af leiðandi eru opinsvæði ekki sett í fóstur.

Umrætt opið svæði er merkt á hverfisskipulagsupprætti sem opið svæði þar sem náttúrusérkenni er að finna sem kemur enn frekar í veg fyrir lóðastækkun.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir, verkefnastjóri hjá hverfisskipulagi